

Brunavarnaáætlun

Brunavarna Austur-Skaftafellssýslu



2023-2028

HMS

Staður, mánuður, ár	Skýrslugerð	Útgáfa /endurskoðun
Höfn. Júní 2023	Borgbór Freysteinsson Slökkviliðsstjóri.	Útg. 1. 2023



Efnisyfirlit.

1	Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins	7
1.1	Niðurstöður áhættumats.....	7
1.2	Niðurstöður greiningar á mannafla og búnaðarþörf.....	8
1.3	Mengunar og slökkviáætlanir.....	15
2	Þjónustustig.....	16
2.1	Lögbundin verkefni.....	16
2.2	Önnur þjónusta.....	19
3	Skipulag slökkviliðs	20
3.1	Skipulag	21
3.2	Forvarnarstarf.....	22
3.3	Útkallsstarf.....	24
3.4	Önnur verkefni.....	26
3.5	Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð.....	29
3.6	Útkallstími.....	30
4	Húsnæði og tækjabúnaður.....	32
4.1	Húsnæði.....	32
4.2	Búnaður	34
4.3	Æfingasvæði.	39
5	Slökkvivatn.....	40
6	Sérstakar bruna- eða mengunaráhættur.	41
7	Samkomulag og samningar.	46
8	Framkvæmdaáætlun.	47
9	Ítarefni	56



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Markmið brunavarnaáætlunar.

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði brunavarnasvæði Austur-Skaftafellssýslu samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir: “Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur [samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar].¹⁾ Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun]²⁾ gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.”

“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir bæjarstjórn.”

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórn og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Leiðarljós Brunavarna Austur-Skaftafellssýslu, hér eftir skammstafað (SH) með þessari brunavarnaráætlun er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000.

“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.

Hornafjörður 01 / maí / 2023

F.h Slökkviliðs Hornafjarðar.

F. h. Bæjarstjórnar

F. h. Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar (HMS)



Gerð og efni brunavarnaáætlunar

Í lögum um brunavarnir er jafnframt kveðið á um að slökkviliðsstjóri skuli bera ábyrgð á gerð brunavarnaáætlunar og vinna hana í samráði við þá sem hlut eiga að máli.

Við gerð áætlunarinnar var leiðbeiningum fylgt um efni og gerð brunavarnaáætlana nr. 6.042, útgáfu 1.0 sem MSV gaf út 5.júní 2015. Slökkviliðsstjóri vann að gerð brunavarnaráætlunar. Jafnframt var kallað eftir vinnu, upplýsingum og sjónarmiðum frá starfsfólki sveitarfélagsins.

Íbúafjöldi á starfssvæðinu er 2450 stærð þess er 6.317 km² sbr. töflu 1.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	km ²
Höfn 780	1.843	
Höfn 781	456	
Öræfi 785	151	
Samtals	2.450	

Brunabótamat	60. milljarðar	
Skráðar fasteignir	1.325	
Flatarmál starfssvæðis	6.317,0 km ²	
Lögboðnar skoðanir	209	
Umsagnir, sýslumanns og lögreglu	105	

Gistirými	Fjöldi leyfa	Samtals fjöldi
Höfn 780	20	625
Höfn 781	37	1193
Öræfi 785	11	573
Samtals	68	2391

Samhliða gerð þessarar brunavarnaáætlunar var framkvæmt áhættumat þar sem stærstu brunaáhættur starfssvæðis SH voru metnar. Einnig var gerð greining á mannafla- og búnaðarþörf með hliðsjón af brunaáhættum til að meta stærð slökkviliðsins. Viðbragðsáætlanir (slökkvi- og mengunarvarnaráætlanir) hafa einnig verið gerðar fyrir þessar áhættur.

Niðurstöður úr þessum áætlunum munu leiða í ljós hvort:

- Tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur til að uppfylla þjónustustig liðsins.
- Fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg til að uppfylla kröfur um þjónustustig liðsins.
- Nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi til slökkvistarfa.
- Slökkvistöð liðsins uppfylli þarfir liðsins út frá þjónustustigi liðsins.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Ljóst er miðað við niðurstöðu áhættumatsins að gera þarf úrbætur og eru þær settar fram í framkvæmdaáætlun. Þar er fjallað um áformaðar úrbætur og þær tímasettar:

- Bæta þarf brunavarnir í stórum áhættum sem falla utan getu liðsins.
- Fjölga þarf í slökkviliðinu og bæta við búnaði til að uppfylla þarfir fyrir áhættustig 3.
- Auka menntun slökkviliðsmanna vegna hættulegra efna.
- Fjölga slökkviliðsmönnum með réttindi reykkafara.
- Efla eldvarnareftirlit.

Brunavarnaráætlun þessari er ætlað að veita réttar upplýsingar þeim aðilum sem á þurfa að halda þ.e. :

- Almenningur: Upplýsingar um það hvaða öryggi þeim er búið í sveitarfélaginu og með hvaða hætti þjónustan er veitt.
- Hönnuðir: Upplýsingar til að ákvarða forsendur við hönnun mannvirkja (t.d. vatnsþörf, stærð og geta slökkviliðsins og útkallstími).
- Eigendur mannvirkja: Upplýsingar um þjónustustig slökkviliðsins.
- Sveitarstjórn: Upplýsingar til að taka upplýstar ákvarðanir um slökkviliðið m.a varðandi fjármögnun þess.

Þessi brunavarnaáætlun er vistuð á heimasíðu sveitarfélagsins.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Samkvæmt 13. gr. laga um brunavarnir 75/2000 skal Brunavarnaáætlun endurskoðast a.m.k. á 5 ára fresti. *“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”*

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.



Mynd. Sigurjón Andrússon

Starfssvæði Sveitarfélagsins Hornafjarðar er öll Austur-Skaftafellssýsla sem nær að mörkum Vestur-Skaftafellssýslu og Suður-Múlasýslu. Sýslumörkin eru á Skeiðársandi og á Lónsheiði. Í daglegu tali er sýslunni enn skipt í Nes, Mýrar, Suðursveit, Örnefi og Höfn en þann 6.júní 1998 var Sveitarfélagið Hornafjörður stofnað.

Eftirtöldum aðilum var upphaflega gefinn kostur á að koma á framfæri atriðum sem gátu nýst við gerð brunavarnaáætlunarinnar.

Björgunarfélagi Hornafjarðar, Björgunarfélag Kári Örnefum, Íbúðaráð í Örnefum, Bæjarstjórn Hornafjarðar, Isavia OHF, Lögreglustjóranum á Suðurlandi, Mannvirkjastofnun, Neyðarlínan, RKÍ Hornafjarðar, Vegagerðin.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

1. Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins

1.1 Niðurstöður áhættumats.

Áhættumat var unnið fyrir helstu staði og fyrirtæki þar sem mest hættu er á slysum eða tjóni vegna bruna, sprenginga eða mengunar. Áhætta á starfssvæði SH eru mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins á viðkomandi stað. Þó ber að taka fram að Sveitarfélagið Hornafjörður er ein heild og kemur fram sem eitt afl. Áhættumat þetta var unnið í janúar 2023 samhliða slökkviáætlun fyrir stærri mannvirki og samfélagslega mikilvægar byggingar.

Slökkvilið Hornafjarðar		Áhættumat				
Starfsemi	Líkur	Afleiðing	Áhætta	vægi	áh * vægi	Áhættustig
Fiskvinnsla, Krossey	3	3	2.38	1	2.38	Áhættustig 3
Fiskimjölverksmiðja	2	3	2.38	0.86	2.0468	Áhættustig 2
Heilbrigðistofnun	2	4	2.38	1.08	2.5704	Áhættustig 3
Olíubýrgðarstöð Álaugarey	2	4	2.77	0.8	2.216	Áhættustig 3
Hótel Höfn	1	3	1.63	0.92	1.4996	Áhættustig 2
Gistiheimili	2	2	2	0.92	1.84	Áhættustig 2
Miðbær Nettó	1	1	1	0.8	0.8	Áhættustig 1
Afþreyingarfyrirtæki.	1	1	1	0.8	0.8	Áhættustig 1
Grunnskóli Hornafjarðar	2	3	1.2	0.96	1.152	Áhættustig 2
Grunnskóli Heppuskóli, íþróttahús	2	3	1.2	0.9	1.08	Áhættustig 2
Framhaldsskóli Nýheimar	2	3	1.2	1.02	1.224	Áhættustig 2
Skjólgarður Vigdísarholt	1	2	2.77	1	2.77	Áhættustig 3
Netagerð Skinney-Pinganes	2	3	2.38	0.82	1.9516	Áhættustig 2
Hafnarkirkja	2	3	2	0.92	1.84	Áhættustig 2
Hofgarður Örafum	2	2	2.38	1.216	2.89408	Áhættustig 3
Hornafjarðarhöfn	3	4	2.38	1.236	2.94168	Áhættustig 3
Eimskip hf,	3	3	1	1.136	1.136	Áhættustig 2
Samskip hf, Álaugarey	3	3	2.38	1.368	3.25584	Áhættustig 4
Hornafjarðarflugvöllur	3	3	2	0.96	1.92	Áhættustig 2
Hótel Jökull	3	2	2	0.96	1.92	Áhættustig 2
Hótel Vatnajökull	2	2	1.31	1.04	1.3624	Áhættustig 2
Brunnhóll Hótel og gistiheimili	3	3	1.1	1.04	1.144	Áhættustig 2
Hótel Smyrlabjörg	3	3	1	1.14	1.14	Áhættustig 2
Hótel Jökulsárlón Örafum	3	3	1.63	1.14	1.8582	Áhættustig 2
Hótel Freysnes	3	3	2.77	1.02	2.8254	Áhættustig 3
Vatnajökulspjóðgarður	3	3	1.63	1.14	1.8582	Áhættustig 2
Sumarhúsabyggð í Stafafellsfjöllum	3	3	2.38	0.8	1.904	Áhættustig 2
Gistiheimili Hrafnavöllum Lóni	2	2	2	0.88	1.76	Áhættustig 2
Sumarhúsabyggð í Laxárdal	3	2	2.38	0.86	2.0468	Áhættustig 2



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Helstu niðurstöður áhættumatsins og greiningar varðandi líf og heilsu einstaklinga, umhverfis, eigna, samfélags og rekstur fyrirtækja eru tilgreind hér að neðan.

Áhættumatið tekur inn 5 áhættuþætti fyrir hverja starfsemi fyrir sig.

Áhættustig slökkviliðsins ræður við:

Áhættusig 3

1	1,1-2,0	2,1-3,0	3,1-4,0	4,1-5,0
Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Áhættustig 4	Áhættustig 5
1 eining 1 dælubíll 3000 l 5 menn	2 einingar 2 dælubílar 6000 l 6-10 menn	3 til 4 einingar 3 dælubílar 9000 l 10-18 menn	5-8 einingar 4 dælubílar 12000 l-1700 l Lausar dælur 700 l-1400 l 18-25 menn Samhæfingarstöð sett í viðbragð	8+ einingar 5-8 dælub. 15000-24000 l aðstoð frá öðrum. 25+ menn Samhæfingarstöð Virkjuð

Áhætturnar eru metnar út frá mögulegum eldi tengdri starfseminni, íkveikju, hættulegra efna eða annarri utanaðkomandi vá.

1.2 Niðurstöður greiningar á mannafla og búnaðarþörf.

Slökkvilið Hornafjarðar uppfyllir þarfir fyrir áhættuflokk 3.

Hér er farið nánar yfir brunavarnir og athugasemdir helstu mannvirkja.

Áhætta	Aðstæður	Athugasemdir
Fiskvinnslan Krossey flokkar í áhættuflokk 3.	Frystihús var byggt árið 1971, 1972 og 1974 og er 1909 m² að stærð. Starfsmannaaðstaða í vestur enda var byggt árið 1982 og er 271 m² að stærð. Fjórir hráefnistankar voru byggðir árið 1996 og eru allir 83 m² að stærð. Vélasalur var byggður árið 2004 og er 196 m² að stærð. Frystigeymsla var byggð árið 2007 og er 1889 m² að stærð. Frystihúsinu er skipt í mismunandi stór brunahólf og má segja að starfsmannaaðstaða sé í sér brunahólfi með REI 120 skil á milli hólfa og EI-60 hurðir í veggjum.	Bæta þarf við brunahana við bygginguna og klára að setja upp vatnsúðakerfið. Búið er að koma upp eldvarafulltrúum í fyrirtækinu.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Heilsugæslan á Hornafirði flokkuð í áhættuflokk 2.	Heilsugæslustöðin á Hornafirði var byggð árið 1975 og er 731 m ² . Hjúkrunarheimilið var byggt árið 1994 og tengibygging síðar eða árið 1999 og er 1092 m ² . Heilsugæslustöðin er H - laga bygging steinsteypt sem hólfuð er niður í sér brunahólf með eldtefjandi hurðum EI2-30-CSm.	Uppfæra og æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Tryggja þarf aukinn mannskap vegna mögulegra flutninga á fólki. Miðað við mikilvægi þessara stofnunar þarf að bæta við brunaviðvörunarkerfi í bygginguna.
Gistiheimili, Hostel. flokkar í áhættuflokk 3.	Gistiheimili Hvannabraut 3-5 var byggt árið 1973 fyrst sem elli og hjúkrunarheimili en breytt í gistihús árið 2006. Húsið er timburhús. Húsin voru sameinuð með millibyggingu.	Lögð var fram verkáætlun um að brunahólfa húsið sem búið er að uppfylla. Það er nýtt brunaviðvörunarkerfi, brunahólfun bætt og allar hurðar eldtefjandi.
Olíubirgðastöð Álaugarey. flokkar í áhættuflokk 2.	Olíudreifing sér um rekstur á olíubirgðastöð í Álaugarey. 700.000 ltr olúgeymir var byggður árið 1971. 600.000 ltr olúgeymir var byggður árið 1956. 600.000 ltr olúgeymir var byggður árið 1951. 500.000 ltr bensíntankur var byggður árið 1981. 216.000 ltr bensíntankur var byggður árið 1959. Allir olúgeymar eru þykktarmældir reglulega samkvæmt reglugerð nr. 35/1994 og lagnir prýstiprófarar í leiðinni.	Æfa þarf viðbrögð við olúmengun.
Hótel Höfn flokkað í áhættuflokk 3.	Hótelið var byggt árið 1965 og stækka árið 1969. Hótelið er 1500 m ² . Byggingin er á þremur hæðum með stigahúsi á milli hæða sem er sér brunahólf. Herbergin eru 32, öll tveggja manna. Aðrar hurðir í herbergjum eru sennilega hólfandi hurðir. Veggir eru steinsteyptir og björgunarop eru í hverju herbergi. Brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni og er það tengt viðurkenndri vaktstöð.	Ekki er mikil hættu á stórbruna þar sem brunahólfun heldur. Klára þarf viðbragðsáætlun fyrir hótelið og kynna hana árlega fyrir nýju starfsfólki. Koma þarf upp eldvarnafulltrúa samkvæmt reglugerð.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Fiskimjölverksmiðja Óslandi flokkar í áhættuflokk 2.	Byggingin er stálgrindarhús byggt 1999 og er u.þ.b.14000 m². Byggingin er talin örugg er varðar brunatæknileg sjónarmið. Í byggingunni er viðurkennt brunaviðvörunarkerfi sem tengt er í allar byggingar á svæðinu. Byggingin er tengd við eiturefnageymslu sem gæti rúmað hátt í 20.000 ltr af sýru. Að jafnaði er um 10 tonn að Maurasýru (CH₂O₂). Ediksýra (CH₃OOH) og saltþétursýra (HNO₃). Það er æskilegt að geyma ekki klór (CL₂) þarna inni.	Ekki er miklar líkur á stórbruna í fyrirtækinu en komist mikill hiti í bygginguna væri burðarvirki í hættu þar sem stálbitar eru ekki varðir fyrir hitageislun. Huga þarf að eiturefnageymslunni ef óæskilega efnahvörf verða þar inni eins og með blöndun á CL₂. Fella þarf eiturefna ský með vatnsúða. Eiturefnagildra er frá geymslunni sem fylgst er með og bætti í skeljasandi sé þess þörf.
Afþreyingarfyrirtæki flokkað í áhættuflokk 2.		Þær byggingar sem ekki hafa hlotið öryggis/lokaúttekt mun eldvarnaeftirlit taka út fyrir lok endurnýjar á brunavarnaáætluninni. Byggingarnar skulu standast ákvæði í byggingarreglugerðar nr.112/2012.m.s.br.
Heppuskóli Grunnskóli Hornafjarðar flokkaður í áhættuflokk 2.	Skólinn var byggður árið 1972 og er 1256 m² að stærð Viðbygging og íþróttahús eru byggð árið 1980 og eru 1445 m² að stærð. Á árinu 2012 og 2013 var skólinn allur endurnýjaður að utan sem innan. Brunahólfun er í öllum skólastofum og kennaraaðstöðu. Allt ger innan dyra er öryggisgler E30. Brunaviðvörunarkerfi er í skólanum sem er vaktað af viðurkenndri vaktstöð, kerfið nær ekki yfir í íþróttahús. Veggir eru steyptir og er brunaskil á milli bygginga er með REI 90 veggjum.	Líkur á að bruni verði á skólatíma eru ekki miklar en verði eldsvoði á skólatíma má reikna með miklum aðgerðum við björgun. Áætlað að þó nokkuð tjón gæti orðið ef eld sem kemur upp vegna reyks. Brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni allri og búið er að koma upp eldvarnafulltrúum sem eru í beinu sambandi við eldvarnasvið slökkviliðsins. Brunahólfun og flóttaleiðir eru í lagi. Rýmingaráætlun er til og æfð árlega.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Grunnskóli Hornafjarðar Svalbarði 6, flokkaður í áhættuflokk 2.	Byggingin er steinsteypt byggð árið 1958 og stækkuð með steinsteyptri byggingu með bókasafni í miðrými. Rýmin eru tengd við vatnsúðakerfi og brunaviðvörunarkerfi.	Áætlað að þó nokkuð tjón gæti orðið ef eldum sem koma upp vegna reyks. Brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni allri og búið er að koma upp eldvarnafulltrúum sem eru í beinu sambandi við eldvarnasvið slökkviliðsins. Brunahólfun og flóttaleiðir eru í lagi. Rýmingaráætlun er til og æfð árlega.
Nýheimar flokkaðir í áhættuflokk 2.	Byggingin er staðsteypt í hólfi og gólf, burðavirki er ýmist staðsteypt eða forsteyptir bitar og holplötur. Klæðningar á veggjum og loftum inni eru í flokki 1. Vatnsúðkerfi og brunaviðvörunarkerfi er tengd við viðurkennda vaktstöð. Reykræsting í kjallara fer fram um dyr á inntaksherbergi.	Líkur á að bruni verði á skólatíma eru ekki miklar en verði eldsvoði á skólatíma má reikna með miklum aðgerðum við björgun. Áætlað að þó nokkuð tjón gæti orðið ef eldum sem koma upp vegna reyks. Brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni allri og búið er að koma upp eldvarnafulltrúum sem eru í beinu sambandi við eldvarnasvið slökkviliðsins. Brunahólfun og flóttaleiðir eru í lagi. Rýmingaráætlun er til og æfð.
Miðbær, verslunarkjarni flokkaður í áhættuflokk 1	Byggingin samanstendur af þremur samtengdum byggingarhlutum. Þ.e. stórmarkaður á einni hæð sem opnast inn á göngugötu með gleri í þaki sem er einskonar tengibygging. Þriðji hlutinn er tveggja hæða hús með litlum þjónustueiningum á neðri hæðinni sem opnast inn á göngugötuna en skrifstofur á 2 hæð, byggingin er tengd við vatnsúðakerfi og brunaviðvörunarkerfi sem tengd er við viðurkennda vaktstöð.	Það eru litlar líkur á stórbruna í byggingunni en hún hefur mikla samfélagsþýðingu. Huga þarf að eftirliti á öryggiskerfum sem eru í byggingunni.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Skjólgarður Vigdísarholt flokkar í áhættuflokk 1.	Byggingin er steinsteypt 1051 m ² . með kjallara og starfsmannaaðstöðu. Brunaviðvörunarkerfi er í húsinu og vel brunahólfað. Sólahrings vakt er allt árið um kring, til stendur að stækka hjúkrunarheimilið og eru þær teikningar í umsagnarferli.	Ekki eru miklar líkur á stórbruna en ef til kemur að það þarf að rýma húsið er ljóst að það þurfa margir að koma að þeirri rýmingu, og má teljast að þetta sé almannavarnaraðgerð. Slökkviliðið ræður við eldsvoða í byggingunni.
Netagerð Skinney-Þinganes hf, flokkuð í áhættuflokk 2.	Byggingin er byggð árið 1979/80 og er um 2116 m ² . Stálgrindarhús á steinsteyptri plötu. Brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni	Ekki eru miklar líkur á stórbruna í byggingunni en komist eldur í nætur gæti orðið þó nokkuð tjón og mikil reykjamettun frá byggingunni. Í byggingunni er innra-eftirlit unnin af eldvarnafulltrúum fyrirtækisins.
Hofgarður flokkaður í áhættuflokk 2.	Steinsteypt bygging sem nýtt er sem skóli, leikskóli og samkomuhús, Brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni en ekki tengt við viðurkennda vaktstöð. Húsið er lítið brunahólfað.	Brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni allri og búið er að koma upp eldvarnafulltrúum sem eru í beinu sambandi við eldvarnasvið slökkviliðsins. Brunahólfun og flóttaleiðir eru í lagi. Gera má ráð fyrir að það gæti verið nokkuð tjón vegna reyks ef eldur verður laus. Viðbragðstíminn slökkviliðsins gæti verið langur.
Fosshótel Jökulsárlón Örfum flokkað í áhættuflokk 3.	Hótelbyggingin er 104 herbergi fyrir allt að 250 manns í gistingu ásamt 20 herbergjum fyrir starfsmenn í kjallara. Mannvirkið er ýmist á tveimur eða þremur hæðum byggt 2016. Burðavirki í kjallara er steinsteypt en þar fyrir ofan er burðavirki úr gegn heilum krosslímdum timbureiningum. Í kjallara er spa aðstaða með heitum pottum og gufuböðum ásamt sturtum. Byggingin er öll vel brunahólfluð með lokunarbúnað á milli hæða tengt við brunaviðvörunarkerfi. Allar brunapéttingar á milli hólfa voru teknar út.	Ekki eru miklar líkur á bruna í byggingunni en ef hann verður má búast við þó nokkrum viðbúnaði enda er byggingin stór og reyklosun þarf að vera vel upp sett. Brunaviðvörunarkerfi og vatnsúðakerfi er í byggingunni sem er tengt við viðurkennda vaktstöð. Einn brunahani er á svæðinu. Neysluvatnsborholur eru á svæðinu með 2 dælum sem fæða einnig vatnsúðakerfið.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Hótel Vatnajökull Lindabakka flokkað í áhættuflokk 3.	Steinsteypt bygging með 70 herbergjum fyrir allt að 152 manns í gistingu og starfsmannaaðstöðu í kjallara. Húsið er byggt við eldri byggingu sem rúma um 20 herbergi með kerfisloftum án lokunar.	Ekki er líkur á bruna í byggingunni en halda þarf við brunaviðvörunarkerfi og brunahólfun á milli bygginga þar sem brunaskil mætti laga.
Hótel Jökull flokkað í áhættuflokk 3.	Hótel Jökull er steinsteypt bygging byggt fyrst 1963 og stækka nokkur eftir þann tíma. Á hótelinu eru um 44 herbergi fyrir allt að 124 gesti.	Ekki eru miklar líkur á bruna á hótelinu. Nýtt brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni og brunahólfun í lagi.
Sumarhúsabyggð í Stafafellsfjöllum flokkuð í áhættuflokk 3.	Skipulagt svæði fyrir sumarhúsabyggð er um 220 ha, þar af taka frístundalóðir til um 50 ha. Svæðið nær frá Suðurlandsvegi, austan brúa yfir Jökulsár Lóni og allt að Hvannagili.. Gróður er að upplagi birkikjarr og mosi. Þó nokkur gróðurrækt er innan lóða á svæðinu.	Aðkomuvegir að byggðinni er að mestu í lagi yfir sumartímann, vegurinn er ekki þjónustaður yfir vetramánuðina sem gerir það að verkum að slökkvibílar/sjúkrabílar komast ekki inn að bústöðunum. Rétt er að koma upp sinuklökkum við bústaðina. Vatnstaka er víða við Jökulsá og læki.
Sumarhúsabyggð í Laxárdal í Lóni flokkuð í áhættuflokk 3.	Í Laxárdal eru um 13 sumarhús á um 150 ha svæði. Gróður er að upplagi birkikjarr og mosi og þó nokkur gróðurrækt inn á lóðum,	Aðkomuvegur hefur verið lagaður eitthvað en það er engin vetrarþjónusta. Lítið símasamband er á svæðinu og sama er hægt að segja um Tetrasamband. Vatnstaka er frá Laxá og lækjum á svæðinu. Tveir bústaðir eru austan við Laxá og ættu slökkvibílar að komast þangað ef lítið er í ánni, annars ekki.
Álaugarey. Húsasmiðjan og Samskip. flokkuð í áhættuflokk 4.	Stálgrindarhús 2185 m ² byggt árið 1969 sem vöruflutningageymsla, viðbygging bætt við húsið árið 1978 sem verslunarhúsnaði, húsið allt í heild sinni er lítið brunahólfað og ekkert brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni. Starfsmannaaðstaðan og milliloft er úr timbri og mikið að lagarvöru.	Brunaálag er mjög hátt ef eldur verðu laus má búast við miklu og óbætanlegur tjóni. Koma þarf upp brunaviðvörunarkerfi í bygginguna sem tengt verður stjórnstöð.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Dælugeta Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Sveitarfélagið er með 3 dælubíla sem dæla um 4.800 ltr/mín auk þess á slökkviliðið 1. lausadælu sem afkastar 1600 ltr/mín sem gera samtals 6.400 ltr/mín. Með tilkomu á nýrri bifreið sem áætlað er að komi í lok árs 2023 eykst dælugeta slökkviliðsins um 4.000 lt/mín sem gera þá 10.400 ltr/mín. Auk þess væri hægt að kalla til slökkvibifreið ISAVIA með dælugetu upp á 2.080 ltr og hafsögubát með dælugetu upp á 1.800 ltr. Heildardælugeta með þessum auka viðbragðseiningum er því allt að 14.280 ltr/mín. Miðað við þessa dælugetu ætti sveitarfélagið að ráða við þá áttuflokka sem eru áhættumetnir af slökkviliðinu. Sú bygging sem flokkast í flokk 4 við höfnina þarf að leggja langar stofnlagnir auk þess að kalla til Björn lóðs og jafnvel björgun skipið Ingibjörgu.

Samstarfssamningar um gagnkvæma að stoð er á milli brunavarnasvæða sem auðveldar okkur að kalla eftir frekari aðstoð þó svo að það verið alltaf að miða við það að þær bjargir skili sér seinna á vettvang vegna vegalengdar. Unnið verður því að efla samninga á milli brunavarnasvæða og stendur sú vinna yfir.

Það er mat slökkviliðsstjórans að slökkviliðið ráði við stærstu áhætturnar í sveitarfélaginu sem falla undir áhættu flokk 3. Aðeins eitt fyrirtæki flokkast í flokk 4 og er búið að funda með eigendum þeirra byggingar og kynna niðurstöður áhættummatsins og þá slökkvíáætlun fyrir bygginguna sem vistuð er á innra vef slökkviliðsins.



1.3 Mengunar og slökkviáætlanir.

Mengunarvarna-og slökkviáætlanir sem eru í vinnslu á starfssvæði slökkviliðsins :

1. Fiskvinnslu (í endurskoðun)
2. Heilbrigðisstofnun, dvalarheimili
3. Hótel og stærri gististaðir
4. Félagahimili Örfum
5. Olíubirgðastöðvar
6. Skólar og leikskólar

Áætlanirnar verða vistaðir rafrænt í hugbúnaðarkerfi slökkviliðsins.



2. Þjónustustig

2.1 Lögbundin verkefni.

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í fimm meginþjónustuflokka:

1. Vatnsöflun.
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.
3. Viðbrögð við mengunar – og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.
5. Eldvarnareftirlit og forvarnir.

Slökkviliðið sinnir öllum þjónustuflokkunum.

Tuttugu slökkviliðsmenn hafa lokið grunnnámi Brunamálaskólans fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn sem gerir þá hæfa til slökkvistarfa utanhúss, til að annast vatnsöflun, reyklosun, dælingu og reykköfun.

15, hafa lokið námskeiði sem gerir þá hæfa til að sinna björgun fólks með klippum, glennum og öðrum búnaði m.a. úr bíflökum og 6 hafa lokið námskeiði 2 sem gerir þá hæfa til að beita réttum vinnubrögðum við mengunar- og eiturefnaslysum. Samkvæmt námsáætlun slökkviliðsins fara allir slökkviliðsmenn á námskeið um vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.

SH gerið ekki ráð fyrir að slökkviliðsmenn í Örafum sinni reykköfun á starfssvæði 785.

SH sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn SH hafa menntun frá Brunamálaskólanum í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Allir fá reglulega þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun skal vera í samræmi við 19. gr. laga nr. 75/2000.

SH sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000, og skilyrði reglugerðar um reykköfun og reykköfunarbúnað nr. 1088/2013.

Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun.

- Slökkviliðið sinnir útköllum tengdum mengunar- og efnaslysum. SH hýsir sameiginlega kerru með grunn mengunarvarnabúnaði. Búnaðurinn samanstendur af tveimur eiturefnagöllum og skoltjaldi ásamt uppsogsbúnaði. Sá búnaður er hugsaður til fyrstu aðgerða til að bregðast við minniháttar óhöppum s.s. olú- og ammoníaklekum. Samstarf er á milli slökkviliðanna á svæðinu en ljóst er að ef umfang mengunar og efnaslyss á svæðinu er umfram getu þessa búnaðar verður kallað eftir frekari aðstoð í gegnum Neyðarlínu / samhæfingarstöð og þá horft til aukins búnaðar og mannafla. Samningur um gagnkvæma aðstoð er á milli brunavarnasvæða þ.e. austan og vestan við okkur. Samningar um gagnkvæma aðstoð er á milli Slökkviliðsins á Kirkjubæjarklaustri og Slökkviliðsins á Vík.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýsla

Björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum.

- Slökkvilið sinnir björgun fólks úr fastklemmdri aðstöðu. Hjá SH eru til 2 eins sett af LUKAS björgunarklippum til björgunar úr bílflökum. Nágranna sveitafélög okkar eru með eins búnað sem gerir alla vinnu á vettvangi öruggari.
- Samstarfssamningur er um gagnkvæma aðstoð í stærri vá. 12 menn hafa þegar menntun í þessum fræðum og munu 14 til viðbótar hljóta þessa menntun á gildistíma áætlunarinnar.

Eldvarnareftirlit SH.

- Slökkviliðið sinnir eldvarnareftirliti skv. lögum. Þar segir : eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við lög nr. 75/2000. svo og reglugerð um eldvarnareftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæðum sem tekin hafa verið í notkun, frá 7. apríl 1994. Eldvarnareftirlitsmenn liðsins hafa lokið fullnaðarnámi frá brunamálaskólanum þ.e. eldvarnareftirlit I,II,III. Það má setja að eldvarnareftirlit sveitarfélaganna sé sú starfsemi slökkviliðsins sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laga og reglum um brunavarir séu framfylgt. Slökkviliðsstjóri metur og heldur skrá um hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi á hans starfssvæði falla undir ofangreinda skoðunarskyldu. Við það mat skal slökkviliðsstjóri m.a byggja á leiðbeiningum MVS.

Frá 2013 tók SH upp rafræna stjórnsýslu þar sem allar skýrslur og aðrar ákvarðanir eru sendar út rafrænt, við þessa vinnu styður SH við skýrsluforrit sem heitir Brunavöður sem hannaður var af SHS með styrkjum frá EBÍ Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands sem Sveitarfélag Hornafjarðar er hluthafi í.

Í Brunaverðinum er haldið utan um öll samskipti við skoðunarskyldar fasteignir, allar málaskrár eru á rafrænu formi og má segja að öll stjórnsýsla slökkviliðsins sé á rafrænu formi. Allar skýrslur og umsagnir eru sendar á viðkomandi netföng. Brunavörðurinn er tengdur við fasteigna-og fyrirtækjaskrá (skra.is) og eru gögnin yfirfarin og lesin áður en þau eru send út.

Stuðst verður við leiðbeiningar HMS sbr.5. mgr.19 gr. reglugerðar 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit, skoðunarskyldar byggingar í notkunarflokk 4. verða skoðaðar einu sinni á ári en byggingar í flokki 1. og 2. verða skoðaðar fjórða hver ár. Unnið verður að því að koma upp eldvarnafulltrúum í byggingum í notkunarflokki 4. í samráði við slökkviliðsstjóra. Öll eyðublöð sem tengist úttektinni verða aðgengileg á heimasíðu SH (<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/eldvarnareftirlit/brunavarnaraetlun/>). Samkvæmt 23.gr. laga um brunavarnir kemur fram að eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis ber ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og að hafið sé reglubundið eftirlit með þeim.

	Nfl 1	Nfl 2	Nfl 3	Nfl 4	Nfl 5	Nfl 6	Alls
Höfn	18	18		80	8	1	125
Lón	0	0	2	2	0	0	4
Nes	2	1		5	0	0	8
Mýrar	0	2	1	7	0	0	8
Suðursveit	0	1		6	0	0	7
Öræfi	1	3	1	10	2	0	17



Í 19.gr. Eldvarnareftirlit skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnareftirlits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda, sbr. 26. gr.:

- a. Þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða,
- b. Þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar,
- c. Allar byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingarreglugerðar,
- d. Mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki,
- e. Annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnareftirliti.

Eldvarnareftirlit skv. 2. mgr. skal framkvæmt með eftirfarandi tíðni:

- a. Mannvirki sem falla undir a-, b- og c-lið 2. mgr.: að lágmarki einu sinni á ári.
- b. Mannvirki sem falla undir d- og e-lið 2. mgr.: skoðun að lágmarki fjórða hvert ár.

Slökkviliðsstjóri getur ákveðið að í stað árlegrar eftirlitsskoðunar á mannvirkjum sem falla undir a-lið 2. mgr. sé framkvæmt átaksverkefni þar sem slökkviliðskoðar eingöngu einn eða fleiri fyrirframákveðna þætti brunavarna fyrir sambærileg mannvirki.

Samkvæmt reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 skal slökkviliðsstjóri fyrir 1. febrúar ár hvert gefa út eftirlitsáætlun ársins þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvirki, lóð og starfsemi í sveitafélaginu munu sækja eldvarnaeftirliti þar árið. Á ætlunin skal birt á vefsíðu sveitarfélagsins.



2.2 Önnur þjónusta

Slökkvistörf í skipum.

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum og bátum á hafnarsvæði. Að auki sinnir slökkviliðið viðbragði vegna mengunar á starfsvæði hafnarinnar á landi. Unnið er að samningi vegna viðbragða í mengunarmálum milli hafnarinnar og SH. Komur skemmtiferðaskipa hafa verið að aukast með árunum. Um borð í skipunum eru fullkomið slökkvikerfi ásamt vel útbúnu viðbragðsteymi til slökkvistarfa. Skipsáhafnir eru með tíðar viðbragðsæfingar og því geta og þekking þeirra mikil til að bregðast við áhættum um borð. SH sinnir aðstoð vegna óhappa um borð í skipum óski viðkomandi skipstjóri eftir því.

Sjúkraflutningar.

Sjúkraflutningar eru í umsjá HSU á Hornafirði sem hafa til umráða 2 sjúkrabíla, 1 áhöfn er í hverjum bíl sem hafa ýmista fullgilda neyðarflutningsmenntun, hjúkrunarfræðing og grunnmenntun. Sjúkrabílarnir eru staðsettir í húsi sveitarfélagsins

Dælingar.

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka. Dælingar úr skipum samkvæmt beiðni o.fl. Sh getur- og hefur í neyðartilfellum farið með dælubúnað út á sjó eða í þýrlur Landhelgisgæslunnar vegna leka um borð í skipum samkvæmt beiðni þar um.

Slökkvitækjaþjónusta.

Einkarekin slökkvitækjahleðsla er rekinn á starfssvæði slökkviliðsins þar sem íbúar og fyrirtæki geta leita þjónustu.

Öryggisvöktun:

Öryggisvöktun er framkvæmd í undantekningartilfellum vegna tækifærisleyfa vegna skemmtana í húsum sem ekki haf tilskilin leyfi og vegna ýmissa annarra tilvika samkvæmt beiðni og /eða fyrirskipun slökkviliðsstjóra í samráði við byggingarfulltrúa.

Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði.

Unnið verður að því að gera þjónustusamninga við nágrannasveitarfélaganna um aðstoð sé þess þörf. Leitað verður eftir samstarfssamningur um gagnkvæma aðstoð á milli ISAVIA og Hornafjarðarflugvöll.

Slökkvistörf á flugvelli:


Á flugvöllinum er staðsettur öflugur slökkvibíll í eigu Isavia sem fyrsta viðbragð við flugslysum. Unnið verður við að ná samstarfssamningi á milli ISAVIA og slökkviliðsins.



3. Skipulag slökkviliðs.

3.1 Skipulag

Skipurit fyrir SH er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna / íbúa



Mynd 1.

Slökkviliðsstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra Umhverfis- og framkvæmdasviðsbæjarstjóra. Undir slökkviliðsstjóra er útkallssvið og forvarnasvið. Varaslökkviliðsstjóri er staðgengill slökkviliðsstjóra í fjarveruhans.

Miðað er við að 36 almennir slökkviliðsmenn heyri undir útkallssvið auk slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og fimm milli stjórnenda(varðstjóra) samtals 33-36 manns sem er lágmarks



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

fjöldi slökkviliðsmanna fyrir brunavarnasvæði Austur-Skaftafellssýslu. SH flokkast undir slökkvilið þar sem íbúar eru undir 5000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs, slökkvilið er mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir skilgreindu skipulagi.

Slökkviliðsstjóri er eini starfsmaður SH í 75 % stöðu hjá sveitarfélaginu. Samstarf er á milli lögreglu, Björgunarfélags, Isavia og HSU Höfn. SH er hluti af almannavarnakerfinu og sinnir þar brunavörnum og mengunavörnum. Lögreglan hefur u.þ.b. 10 manns, Björgunarfélag Hornafjarðar hefur u.þ.b. 20 manns sem geta mætt með stuttum fyrirvara. Isavia hefur 2 menn sem hafa hlotið þjálfun í flugvélabrunum, auk öflugs slökkvibíls sem hægt er að ræsa út í gegnum Neyðarlínu, verið er að vinna að gerð þjónustusamninga á milli þessa aðila.

Slökkviliðsstjóri annast rekstur slökkviliðsins á grundvelli laga og reglugerða. Hann ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn en í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð, en skipar aðra staðgengla sína. Slökkviliðið vinnur í samræmi við reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 og skipta fjórir stjórnendur bakvöktum á milli sín.

Í stærri aðgerðum er alla jafna einn slökkviliðsmaður staðsettur á slökkvistöð m.a. vegna fjarskipta/samskipta, hleðslu á loftkútum o.fl.

Slökkviliðsstjóri.

- Stjórnar starfseminni, samræmir og tryggir að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- Sér um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að tryggja að heildarstarfsemin sé innan ramma fjárhagsáætlunar.
- Sér um gerð brunavarnaáætlunar
- Stuðlar að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgir eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- Sér til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- Stuðlar að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- Vinnur að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við gildandi þjónustustig.
- Stuðlar að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.
- Fagleg og rekstrarleg ábyrgð slökkviliðs er í höndum slökkviliðsstjóra.



3.2 Forvarnarstarf

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnardeildar er í höndum slökkviliðsstjóra. Framkvæmd eldvarnareftirlitsskoðana er í dag á ábyrgð slökkviliðsstjóra og ritar hann undir kröfur og úrbætur vegna eldvarna..

Sá sem sinnir eldvarnareftirliti er löggildur eldvarnareftirlitsmaður sem hefur lokið I, II og III námskeiðum frá Brunamálaskólanum. Slökkviliðsstjóri SH er fyrirmaður eldvarnasviðs.. Listi um skoðunarskylda staði er í listanum í viðauka 13.3.

Endurmenntun er í samræmi við áætlun Brunamálaskólans.

Samkvæmt reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017 skal að lágmarki einn eldvarnar eftirlitsmaður í fullu starfi fyrir hverja 10.000 íbúa á starfssvæði slökkviliðsins. Ef íbúar eru færri skal lágmarksstarfshlutfall eldvarnareftirlitsins ver í réttu hlutfalli við íbúafjölda. Meta þarf hvort aðstæður og áhætta í sveitarfélaginu krefjist aukins eldvarnareftirlitsmanna. Fjöldi eldvarnareftirlitsmanna þarf jafnframt að taka mið að þeim áhættum sem eru í sveitarfélaginu.

Starfsemin er tvíþætt.

- Eldvarnareftirlit og skoðanir
- Upplýsingar og fræðsla.

Helstu verkefni forvarna eru.

- Ráðgjöf til hönnuða.
- Skoðun teikninga í samráði við byggingarfulltrúa
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum sk. reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit. nr. 723/2017.
- Umsögn vegna veitinga- og gististaða.
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum.
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir.
- Fræðsla í skólum um eldvarir.
- Slökkviliðsstjóri situr í byggingarnefnd sveitafélagsins auk byggingarfulltrúa og skipulagsstjóra

Slökkviliðsstjóri sinnir eldvarnareftirliti. Slökkviliðsstjóri hefur lokið námi fyrir slökkviliðsstjóra.

Eldvarnareftirlit er haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnareftirlit slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda:



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

a. Einu sinni á ári

- Þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og / eða þar sem hætta er á stórfeldu manntjóni í eldsvoða.
- Þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar.
- Allar byggingar í notkunarflokki 4,5, og 6 skv. Ákvæðum byggingareglugerðar.

b. Fjórtíð hvert ár.

- Mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki.
- Annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnareftirliti.

c. Brunavarnaáætlun

- Byggingar sem teljast mikilvægir eftirlitsstaðir í sveitarfélaginu og eru tilgreindar í eftirlitsáætlun SH.



3.3 Útkallsstarf

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð á útkallsdeild er í höndum slökkviliðsstjóra. Krafa er að slökkviliðsstjóri hafi starfsréttindi samkvæmt 15. og 17. gr. Laga um brunavarnir nr. 75/2000. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra og er varðstjóri við stjórnun á vettvangi.

Helstu verkefni eru að samhæfa búnað, menntun og þjálfun starfsmanna, þannig að þessir þættir samræmist þörfum liðsins sem og lögum og reglugerðum um brunavarnir hverju sinni í samræmi við þjónustustig. Mat er lagt á einstaka þætti starfseminnar og tillögur um þróun og úrbætur unnar út frá þeim. Tillögur að úrbótum eru lagðar fyrir bæjarstjóra þær síðan ræddar í bæjarstjórn með tilliti til fjárhagsáætlana og til samþykktar.

Helstu verkefni eru.

- Slökkvistarf.
- Viðbrögð við umhverfisslysum.
- Þjörgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum mengunarslys.
- Slökkvistarf í skipum.
- Þjálfun og æfingar.
- Dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar.
- Þjörgunar- og slökkvistörf.
- Almannavarnir.
- Viðhald og prófanir á fjarskiptabúnaði.
- Æfing og þjálfun starfsmanna við gróðureldum.
- Æfing og þjálfun starfsmanna í jarðgöngum.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Heildar fjöldi slökkviliðsmanna er 36 ásamt tveimur stjórnendum. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og gildandi þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við gildandi þjónustustig.

Slökkviliðið sinnir vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhús ásamt reykköfun og minni háttar mengunarslysi s.s. olíuleka samstarfssamningur er við nágrannaslökkviliðin um gagnkvæma aðstoð.

- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 75% slökkviliðsmanna að vera með reykköfunarréttindi.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að vinna klippuvinnu.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 75% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna skipsbruna.

Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og skilgreind þjónustustig samkvæmt 11. gr. reglugerðar Brunamálaskólans og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001 en þar segir m.a.

„Skulu slökkviliðsmenn í hlutastarfi hljóta menntun í samræmi við það þjónustustig sem slökkviliðið veitir samkvæmt brunavarnaráætlun viðkomandi sveitarfélags“.

Þannig eiga menn að geta gengið í þau störf sem upp koma í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig. Æfingar eru haldnar einu sinnum í mánuði það er síðasta fimmtudag hvers mánaðar.

Fastar vaktir eru settar upp frá fyrstu viku í Júlí fram yfir fyrstu viku í ágúst. Æfingaskylda er sett á alla slökkviliðsmenn það eru a.m.k. 20 tímar á almennan slökkviliðsmann og 25 tíma reykkafarar samkvæmt reglugerð um reykkafara. Æfingar eru settar upp þannig að SH geti uppfyllt framsett þjónustustig. Jafnframt eiga æfingar að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram til reglulegra æfinga.

Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans.



3.3 Önnur verkefni

Slökkviliðið sinnir aðstoð við önnur brunavarnasvæði samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Slökkviliðið getur einnig óskað eftir aðstoð frá öðrum slökkviliðum samkvæmt samstarfsamningi milli þeirra sjá viðauka.

Það er ávallt mat slökkviliðsstjóra hversu rík aðstoðin er enda kveða skyldur hans á um að rýra ekki eigin viðbragðsgetu.

SH sinnir einnig aðstoð við slökkvistarf á flugvelli sem og slökkvistarf og dælingu úr skipum

SH sinnir dælingu fyrir einstaklinga og fyrirtæki vegna vatnsleka sé þess óskað.

Hornafjarðarhöfn.

Hafnarmannvirki í Höfn eru í eigu Hornafjarðarbæjar og fer bæjarstjórn með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn er falin framkvæmda og hafnaráði og hafnarstjóra. Sjá Yfirlitsmynd af hafnarsvæði í fylgiskjali 6.

Hornafjarðarhöfn er aðalhöfn samkvæmt skilgreiningu Umhverfisstofn og búin þeim búnað sem krafist er um slíkar hafnir.

Sá búnaður samanstendur af tveimur 20 feta upplituðum gámum sem innihalda eftirfarandi.

Sá mengunarbúnaður sem til er, er í eigu Samgöngustofu og er þessi búnaður geymdur í færanlegum gámi á lóð Áhaldahússins. Umsjón með þessum gámi eru hafnarstarfsmenn. Samkvæmt reglugerð á slökkviliðsstjóri að stjórna á vettvangi ef mengunaráhapp verður á landi, nema á hafnarsvæðum, þá hafnarstjóri. Þó mega slökkviliðin búast við því að ef alvarlegt mengunaráhapp verður nálægt landi verði óskað eftir aðstoð þeirra.

Búnaður í gámi

- | | |
|--|---------|
| ○ Rafstöð Honda | 4,5 kw. |
| ○ Háþrýstítæki til að úða dreifiefni (m/blandara) | |
| ○ Ljósakastari | 3x500 w |
| ○ Olíuflotgirðingar | 150 m |
| ○ Akkeri | 4 stk |
| ○ Handverkfæri | |
| ○ Skófla | 5 stk |
| ○ Fötur | 5 stk |
| ○ hlífðarfatnaður (m/ hettu og mittisbuxur | 2 .stk |
| ○ Stígvél | 2. skt |
| ○ Öryggishjálmar | 2. stk |
| ○ Gúmmíbelgvettlingar | 4. stk |



Brunavarnaáætlun Brunavarna Austur - Skaftafellsýslu

Skip sem er lengra en 60 metrar og skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um Hornafjarðarhöfn.

Ekkert erlent skip má, án leyfis fara um höfnina án hafnsögumanns. Sérhvert íslenskt skip, sem ætlar til Hornafjarðarhafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu, skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Hafnsögumanni er skylt að fara til móts við skipið allt að 3 sjómílum út fyrir Hornafjarðarós, ef skipstjóri óski þess og aðstæður leyfa að mati hafnsögumanns.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúti hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til Hornafjarðarhafnar og ekkert verið athugavert við þær siglingar. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Þá skal stjórnbúnaður skips vera fullnægjandi að mati hafnarstjóra.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náið talstöðvarsamband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirætlum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirætlum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyriræli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.



Varnir gegn mengun og óþrífnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða innan hafnarsvæðisins.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrífnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku.

Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma

Landsvæði hafnarinnar skiptist í

- Bryggjur
- Afgreiðslusvæði
- Götur
- Iðnaðar og fiskvinnslusvæði



3.4 Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð.

Slökkviliðið notast við Tetra farskiptakerfi Neyðarlínunnar og á þannig samskipti sín á milli og við aðra viðbragðsaðila.

Tetra handstöðvar eru alls 15 stk hjá SH og eru einnig fastar stöðvar í bílunum.

Til er búnaður fyrir reykkafara sem stuðst við VHS kerfi og eru sér rásir fyrir slökkviliðið og neyðarrás 16. sem nýtist þýrlum Landhelgisgæslunni.

Upplýsingagjöf til almennings vegna viðvarana er í gegnum almannavarnir á svæðinu og dreift til fjölmiðla. Neyðartilvik sem krefjast slíkra aðgerða eru t.d:

- Loftmengun vegna stórbruna.
- Loftmengun vegna eiturefna. (Hættuleg efni CBRNE)
- Eldgos eða jarðskjálftar.
- Umferðaslys vegna fjölda slasaðra.
- Gróðurelda (<https://www.grodureldar.is/>)



3.5 Útkallstími

Viðbragðstími SH flokkast undir útkallsvæði 2 í þéttbýlinu og útkallsvæði 3-4 utan þess. Gerðar eru auknar kröfur um brunavarnir, einkabrunavarnir og eldvarnareftirlit vegna útkallstímans.

1. **Útkallssvæði 1:** Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín frá útkalli.
2. **Útkallssvæði 2 gulur hringur:** Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín frá útkalli.
3. **Útkallssvæði 3 grænn hringur:** Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín frá útkalli.
